

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	MYV113 Kennsluáætlun vor 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Ragnheiður Björk Þórsdóttir	Sk.st.	RPÓ
----------------	------------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Nemendur læra að setja upp í vefgrind (stærð ca 60 x 80 cm) og vefa myndvef ca 25 x 40 cm. Þeir læra grunnaðferðir í myndvef s.s. tengingar, skálínur, bogalínur, einfalda litablöndun og nota mismunandi þráð. Notað er gróft band í uppistöðu, ca 2 þræðir á cm.

Markmið:

Að nemendur:

- byrji að tileinka sér útreikninga og meta þráðafjölda í myndvef með tilliti til myndgerðar.
- vinni á frjálstan og skapandi hátt og noti að minnsta kosti eina aðferð í myndvef þ.e. vinni annað hvort á röngunni eða réttunni eftir eðli og hentugleika myndarinnar.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
2	Kynning á áfanganum, kennsluáætlun afhent og umræður um hana. Val á myndefni / hugmynd og útfærsla. Nemendur hvattir til að nota eigin hugmynd eða skissu. Fjallað verður um samspil uppistöðu og ívafs með tilliti til áferðar í myndvefnaði. Dæmi skoðuð með tilliti til sögunnar.	Vinna að myndefni.
3	Vinna með myndefni og vinnuteikningu. Fjallað verður um efnisnotkun og litanotkun.	Vinna við myndefni. Vinnuteikning gerð tilbúin til vefnaðar.
4	Útreikningar á uppistöðu og uppsetning í vefgrind / ramma. Sett verður upp uppistaða fyrir mynd (ca 25 x 40 cm) og lítinn prufuvef þar sem við á.	Útvega vefgrind / ramma, stærð ca 60 x 80 cm Uppsetning í vefgrind / ramma.
5	Farið yfir veftækni og mögulegar lausnir á tengingu flata og myndun lína í myndfletinum skoðaðar.	Byrjað að vefa í prufuuppistöðu.
6	Fjallað verður um mismunandi tegundir efnis til ívafs og litablöndun þráða. Skoðaðir möguleikar á vali ívafs með tilliti til vinnuteikningar / myndefnis hjá hverjum og einum nemanda.	Val á ívafi í vefmynd. Byrjað að vefa samkvæmt vinnuteikningu
7 - 16	Útfærsla á vefnaði samkvæmt vinnuteikningu skoðuð með tilliti til veftækni og aðferða í myndvef.	Vinna við vefmynd.
16 - 18	Kynntar mismunandi leiðir við frágang á myndvefnaði. Sýning þann 30. apríl	Myndvefur kláraður og gengið frá vefmynd.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	MYV113 Kennsluáætlun vor 2012	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 2		

Tegund	Námsgögn
Bækur, tímarit og annað myndefni.	Fagefni og efni sem tengist ýmsum veflistamönnum. Bækur í vefstofu og á bókasafni VMA. Óútgefið efni frá kennara.
Ljósrit	Ljósrit um efni og aðferðir í myndvef, hjá kennara.
Annað	Tilbúinn vefnaður og prufur.

Tæki og efni:

Nemendur þurfa að útvega sér vefgrind eða ramma sem er ca. 60 x 80 cm. Annað efni er innifalið í efnisgjaldi áfangans. Vefgafflar eru til í skólanum.

Heimavinna:

Æskilegt er að nemendur geri ráð fyrir heimavinnu og skili góðri mætingu til að ná settum markmiðum.

Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er próflaus. Lögð verður áhersla á símat þar sem tekið er tillit til ástundunar og færni nemandans í þeim þáttum sem kenndir verða.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Verklegt	Hugmyndavinna, vinnuteikning, útreikningur á uppistöðu og uppsetning í vefgrind / ramma.	20%
Verklegt	Vefmynd. Lagt verður mat á vefþæknilega færni nemandans við úrvinnslu frá vinnuteikningu í myndvefnað, litanoðkun m.t.t. litablöndunar og efnisnotkun.	70%
Verklegt	Frágangur á vefmynd	10%

Gert með fyrirvara um breytingar

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils